

Úthlutunarreglur 2026

vegna styrkja Menntamálaráðuneytisins til verkefna aðildarféлага Bandalags ísl. leikfélaga.

A. Leiksýningar, íslensk og erlend verk, 100% styrkur
Lengdarviðmið eru frá 0 og upp í 80 mín. eða 1,25% á hverja mín.

B. Álag

1. Frumflutningur 30%
2. Sérstakt frumkvæði 20%

Álag greiðist aðeins vegna A og í sömu lengdarviðmiðunum

C. Námskeið

1. Námskeið haldið af leikfélagi, 12-29 klst. - kr. 20.000
2. Námskeið haldið af leikfélagi, 30 klst. og yfir - kr. 30.000
3. Styrkur til leikfélags vegna þátttöku í Leiklistarskóla BÍL, pr. nemanda - kr. 15.000

Umsóknum vegna námskeiða þarf að fylgja ítarleg lýsing á innihaldi þeirra, samin af leiðbeinanda og listi yfir þátttakendur með kennitölum hvers og eins.

Skýringar á lið A:

Styrkur er eingöngu veittur vegna leikrita og leikþátta. Ef um samsettar dagskrár er að ræða þá skal aðeins sækja um styrk vegna leikinna atriða í dagskránni og sótt skal um hvert atriði fyrir sig á umsóknarforminu.

Ef félag setur upp leiksýningu í samstarfi við önnur félög eða stofnanir ber að skila sundurliðun á kostnaði og skiptingu verka með styrkumsókn. Veittur er 50% styrkur fyrir samstarfssýningar. Þetta gildir frá og með leikárinu 2026-27.

Skylt er hlaða upptökum af öllu leiknu efni á Vimeo-svæði BÍL. Þjónustumiðstöð veitir nánari upplýsingar.

Einnig skulu handrit af nýjum og nýþýddum verkum fylgja umsókn.

Með umsóknum um styrk vegna sýninga á höfundaréttarvörðu efni skal fylgja staðfesting á að sýningarleyfi hafi verið veitt ef það er ekki fengið í gegnum skrifstofu Bandalagsins. Styrkir eru **ekki** veittir vegna sýninga án leyfis rétthafa.